



ÚTHLUTUNARNEFND



FJÖLMÍÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, kt. 450911-0110, og úthlutunarnefnd, skv. lögum nr. 38/2011 með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 770/2021, hér eftir nefndir „aðilar“, gera með sér svofellt

Samkomulag um sérfræðiaðstoð og umsýslu umsókna um sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla

1.gr

Markmið

Markmið aðila með samningi þessum er að skýra starfssvið og hlutverk Fjölmiðlanefndar við úthlutun sérstaks rekstrarstuðnings til einkarekinna fjölmiðla 2020 og 2021, samkvæmt lögum nr. 38/2011 með síðari breytingum og reglugerð nr. 770/2021.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Samningur þessi er gerður á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 770/2021, sbr. lög um fjölmiðla nr. 38/2011 með síðari breytingum. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skulu úthlutunarnefnd og Fjölmiðlanefnd gera með sér samkomulag um umsýslu umsókna, sérfræðiaðstoð og annað sem aðilar koma sér saman um. Í samningi skal koma fram áætlun um vinnuframlag Fjölmiðlanefndar og hvað er lagt til grundvallar við ákvörðun greiðslu fyrir unnar stundir. Samkomulagið skal bera undir mennta- og menningarmálaráðherra til staðfestingar.

3. gr.

Hlutverk starfsmanna Fjölmiðlanefndar og þóknun fyrir störf

Starfsmenn Fjölmiðlanefndar annast gerð auglýsinga vegna sérstaks rekstrarstuðnings, vinnu við umsóknareyðublöð, viðbótargögn og annað til undirbúnings umsókna. Þá sjá starfsmenn um að veita fjölmiðlum upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna. Starfsmenn annast jafnframt móttöku umsókna, rafræna skjölun og aðra umsýslu við þær. Úthlutunarnefnd fær sérstakan aðgang að svæði í málaskrá Fjölmiðlanefndar þar sem umsóknir, fundargerðir, vinnuskjöl og önnur tengd gögn, sem liggja ákvörðunum til grundvallar, eru geymd. Þá sitja starfsmenn Fjölmiðlanefndar fundi með úthlutunarnefnd og veita henni sérfræðiaðstoð eftir þörfum. Einnig veita starfsmenn Fjölmiðlanefndar fjölmiðlum upplýsingar um fjölda umsókna og annað sem fjölmiðlar kunna að spyrja um eftir að



ÚTHLUTUNARNEFND



FJÖLMÍÐLANEFND

umsóknarfresti lýkur í samráði við úthlutunarnefnd. Starfsmenn Fjölmiðlanefndar veita umsækjendum upplýsingar um framvindu mála og annað sem tengist vinnslu umsókna. Þá sjá starfsmenn Fjölmiðlanefndar um að skrifa drög að úthlutunargerð úthlutunarnefndar og drög að bréfum til fjölmiðla vegna frávísunar og höfnunar umsókna.

Kostnaður vegna birtinga auglýsinga samkvæmt reikningum er endurgreiddur inn á fjárlagalið Fjölmiðlanefndar. Jafnframt er endurgreiddur annar beinn kostnaður sem tengist störfum úthlutunarnefndar, m.a. aðgangur að rafrænni málaskrá.. Þóknun fyrir vinnuframlag starfsmanna Fjölmiðlanefndar greiðist inn á fjárlagalið nefndarinnar og nemur hún 7.000 kr./klst. án launatengdra gjalda. Áætlaðar vinnustundir starfsmanna eru 275 klst.

4. gr.

Þóknun fyrir störf úthlutunarnefndar

Um þóknun fyrir störf úthlutunarnefndar fer samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 770/2021.

5. gr.

Gildistími samnings

Gildistími samnings þessa er frá undirritun til 31. desember 2022.

Reykjavík, 29. ágúst 2021

f.h. Fjölmiðlanefndar

f.h. úthlutunarnefndar

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

Árni Vilhjálmsson hrl.
formaður úthlutunarnefndar

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR

UID

Digitally signed by:
Elfa Ýr Gylfadóttir
SSN: 2411713889
Date: 30/08/21
Time: 14:30:56 +00:00
Location: CoreData
UID:

ÁRNI VILHJÁLMSOON

UID

Digitally signed by:
Árni Vilhjálmssoon
SSN: 0411522499
Date: 30/08/21
Time: 14:47:11 +00:00
Location: CoreData
UID: